



Eldvarnastefna Ísafjarðarbæjar

Eldvarnastefna fyrir stofnanir Ísafjarðarbæjar felur í sér að viðhalda eldvörnum og reglubundnu eldvarnaeftirliti eldvarnafulltrúa hvernar stofnunar fyrir sig þar sem hver forstöðumaður tilnefnir sinn fulltrúa og einn til vara.

Markmið:

Markmið eldvarnastefnu sveitarfélagsins er að auka skilning og öryggi starfsmanna, skjólstæðinga og viðskiptavina á eldvörnum, með það að leiðarljósi að draga úr líkum á tjóni á rekstri og eignum. Einnig að viðhalda fjárfestingu sem liggur í eldvarnabúnaði.

Eftirlit og eftirfylgni:

1. Að fela eldvarnafulltrúa/eldvarnafulltrúum að framkvæma mánaðarlegt og árlegt eldvarnaeftirlit samkvæmt gátlistum og gera úrbætur í samræmi við ábendingar, sbr. reglugerð nr. 723/2017, um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.
2. Að greina og draga úr eldhættu í samvinnu við starfsmenn og eftir atvikum utanaðkomandi ráðgjafa.
3. Að innleiða verklagsreglur Eldvarnabandalagsins um logavinnu. Logavinna fer ekki fram í húsnæði stofnunar nema samkvæmt logaleyfi sem byggir á verklagsreglum.
4. Að veita starfsfólki fræðslu um grunnatriði eldvarna og brýna fyrir því að lagfæra það sem aflaga fer eða láta næsta yfirmann vita af hugsanlegum ágöllum.
5. Að hafa ávallt í gildi rýmingaráætlun, uppfæra hana eftir þörfum og æfa reglulega, eða eigi sjaldnar en árlega.

Framkvæmd eldvarnastefnu er á ábyrgð forstöðumanns hvernar stofnunar fyrir sig.

Kynna skal eldvarnastefnu fyrir starfsfólki og brýna fyrir því ábyrgð alls starfsfólks á eftirliti með eldvörnum.

Samþykkt af bæjarstjórn:

Staður og dagsætning